

Föstudaginn 10. maí 1991.

Nr. 82/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigvalda Ómari Aðalsteinssyni

(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. febrúar 1991 og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Sannað er, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali og réttilega er færð til refsíákvæða. Ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur ákærði með þessu broti rofið skilorð dóms, sem kveðinn var upp í sakadómi Þingeyjarsýslu 2. febrúar 1989, en með þeim dómi var ákærði dæmdur í 60 daga fangelsi, sem skilorðsbundið var í 3 ár frá dómsuppsögu. Refsing ákærða þykir samkvæmt því rétt ákveðin í héraðsdómi fangelsi þrjá mánuði, en þó þykir mega fresta fullnustu tveggja mánaða af refsingunni og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigvaldi Ómar Aðalsteinsson, sæti fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða refsingarinnar og sá hluti hennar falla niður að þremur árum liðnum frá upp-

kvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um, að ákærði sæti ökuleyfissviptingu ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. janúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 36/1991: Ákærvaldið gegn Sigvalda Ómari Aðalsteinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. desember 1990, á hendur ákærða, Sigvalda Ómari Aðalsteinssyni, þá til heimilis að Næfurási 12, Reykjavík, kt. 070959-4889, „fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 13. september 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni Y-2311 frá Kringlunni í Reykjavík, suður Háaleitisbraut, inn á Bústaðaveg til austurs og yfir gatnamót þess vegar og Grensásveg, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvatnum fyrir akstursstefnu hans á gatnamótunum, en lögreglan stöðvaði akstur hans stuttu síðar á Bústaðavegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 5. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Fimmtudaginn 13. september 1990 um kl. 1.30 var lögreglan í Reykjavík á eftirlitsferð um austurhluta Reykjavíkurborgar. Veitti hún þá athygli bifreiðinni Y-2311, þar sem henni var ekið suður Háaleitisbraut. Er bifreiðin Y-2311 kom að gatnamótum Háaleitisbrautar og Bústaðavegar, var henni ekið viðstöðulaust gegn rauðu umferðarljósi gatnamótanna og því næst beygt austur Bústaðaveg. Hóf lögreglan þá eftirför og gaf ökumanni bifreiðarinnar merki um stöðvun. Því veitti ökumaður Y-2311 ekki athygli og

ók áfram sem leið lá austur Bústaðaveg og að gatnamótum Bústaðavegar og Grensásvegar. Þar stöðvaði ökumaður Y-2311 bifreiðina, þar sem rauð ljós loguðu á umferðarljósi í hans akstursstefnu. Eftir skamma stund, á meðan enn logaði rautt umferðarljós í akstursstefnu Y-2311, ók ökumaður bifreiðarinnar af stað yfir gatnamótin. Í framhaldi af því náði lögreglan að stöðva akstur Y-2311. Er haft var tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, fundu lögreglumennirnir talsverðan áfengisþef leggja frá vitum hans. Var ákærði því færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu og þar fyrir varðstjóra, sem tók af honum lögregluskýrslu. Að því loknu tók læknir úr honum blóð til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,77‰.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa greint sinn ekið bifreiðinni Y-2311 yfir gatnamót Háaleitisbrautar og Bústaðavegar annars vegar og gatnamót Bústaðavegar og Grensásvegar hins vegar gegn rauðum umferðarljósum, eins og nánar er rakið í ákæruskjali, þrátt fyrir það að hann væri sviptur ökuréttindum og hefði áður verið búinn að neyta áfengis og fyndi til áhrifa þess við aksturinn.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og afdráttarlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 5. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði hefur níu sinnum sæst á greiðslu sekta fyrir umferðarlagabrot, þar á meðal fjórum sinnum fyrir ölvunarakstur, síðast 27. ágúst 1990, en þá var hann einnig sviptur ökuleyfi 2 ár. Einnig hefur hann fjórum sinnum verið sektaður og sætt tveimur refsidómum fyrir hegningarlagabrot, síðast 2. febrúar 1989, er hann var dæmdur fyrir líkamsárás í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið til 3 ára.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ákærði hefur með háttsemi sinni rofið skil-orð dóms frá 2. febrúar 1989. Ber því að taka upp þann dóm og dæma í máli þessu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955. Þykir refsing ákærða með tilliti til sakaferils hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði var í sakadómi Reykjavíkur 27. ágúst 1990 sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 1. ágúst 1990. Ákærði þykir hafa unnið til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga. Skal ákærði vera sviptur ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigvaldi Ómar Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
